



Vigdís Finnbogadóttir, ásamt kjördóttur sinni Ástríði, ræðir við fréttamenn DB á heimili sinu í morgun. DB-mynd: Bj.Bj.

**Fyrsti kvenframbjóðandinn  
í forsetakosningum á Íslandi:**

# **Vigdís gef- ur kost á sér í forseta- framboð**

„Eg gef kost á mér til forsetaembættisins af nákvæmlega sömu ástæðu og ég tók að mér starf leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur fyrir rúnum átta árum. — Eg var hvött til þess. Reynslan hefur líka kennit mér að mér vex ásmegin þegar út í starfið kemur,” sagði Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri i viðtali við DB í morgun.

Hún hefur ákveðið að gefa kost á sér til embættis forseta Íslands í komandi kosningum.

— Óttastu ekki að sú stادreynd að þú ert kona geti háð þér í forsetaembætti?

„Nei — það skiptir engu máli.“

— Nú ert þú oglf?

„Já, en ég hef hingað til komið af í opinberu lifi — veizlum og óðrum samkomum án herra mér við hið.“

— Var þetta erfið ákvörðun?

„Nei, raunverulega ekki. Að visu þá til að þessari hugmynd í fyrstu en það hefur breytist. Ég hef fundið það svo ábreiðanlega að margir vilja stuðla að kjöri minni. Einnig hef ég ráðfært mig við vini mina sem ég treysti. Ég er alveg ákveðin.“

Vigdís Finnbogadóttir er fædd í Reykjavík árið 1930. Hún kenni við Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum við Hamrahlíð 1962 til 1972 en þá tók hún við starfi leikhússtjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Hún stundaði nám við Háskóla Íslands, í Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð og nam fransku, ensku og leikhúsfræði. Vigdís á eina kjördóttur, Ástríði, sem er sjó ára gömul.

— OG.